



Borgarráð

### ***Tillaga um fjölgun leikskólaplássá með leigu á færanlegum einingum og leikskólarútum***

Lagt er til að borgarráð heimili leigu 100-110 eininga af færanlegu húsnæði til að geta boðið ný leikskólapláss á næsta skólaári. Miðað er við að leigusamningar verði a.m.k. til þriggja ára. Jafnframt er óskað eftir heimild borgarráðs til að hefja útboðsferli við tvær fullbúnar leikskólarútur.

Frumkostnaðarmat á færanlegu húsnæði með grundun, gerð leikskólalóðar og búnaði er um 250 m.kr. Gert er ráð fyrir að ársleiga á færanlegu húsnæði verði á bilinu 180-240 m.kr.

Áætlaður kostnaður vegna tveggja fullbúinna leikskólarúta verði um 120 m.kr.

#### *Greinargerð:*

Mannfjöldi í Reykjavík og þar með fjöldi barna hefur aukist mun meira en íbúaspár gerðu ráð fyrir. Undanfarin fimm ár (2016-2021) fjölgaði Reykvíkungum jafnmikið og síðustu fimmtán ár þar á undan (2001-2016), Fjölgunin var um 11.000 Reykvíkingar á báðum tímabilum, langmest undanfarin þrjú ár. Íbúum borgarinnar hefur því fjölgað langt umfram mannfjöldaspár.

Brúum bilið verkefnið gerði ráð fyrir 700-750 nýjum leikskólaplássum á árunum 2018-2023 með það að markmiði að að bjóða 12 mánaða gömlum börnum leikskólapláss.

Mannfjöldapróun undanfarinna ára hefur leitt í ljós að því til viðbótar stefni í að þurfi a.m.k. 400 ný pláss til viðbótar á leikskólana í borginni ef markmið eiga að nást um að barn eigi að geta fengið leikskólapláss í kringum 12 mánaða aldur þegar fæðingarorlofi sleppir.

Um leið er mikilvægt að geta boðið börnum leikskólapláss innan hverfis eða nálægt vinnustöðum foreldra til að koma í veg fyrir skutl og aukna umferð með tilheyrandi útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Boð um leikskólapláss langt frá búsetu eða vinnustað er því oft ekki raunverulegur valkostur.

Borgarstjórn hefur samþykkt Græna planið og Loftslagsáætlun til 2025 sem gerir hvort tveggja ráð fyrir að borgin dragi úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og verði kolefnishlutlaus árið 2040. Þá er gert ráð fyrir því í Aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040, Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til 2040 og Hverfisskipulagsáætlunum í öllum hverfum, að hægt verði að mæta þörfum íbúa innan hverfis. Þar eru skólafnanir lykilatriði.

Í ljósi ofangreinds var farið í átak til að mæta bæði stóru auknum fjölda barna og metnaði fyrir því að mæta þörfum íbúa innan hverfis. Sett var á fót teymi sem hafði það hlutverk að koma með tímabundnar lausnir til nokkurra ára sem mæti þörfum foreldra fyrir börn sín svo fljótt sem verða má. Fulltrúar voru af umhverfis- og skipulagssviði, skóla- og frístundasviði og skrifstofu fjármála- og áhættustýringar. Teymi skilaði hluta af tillögum sínum til Brúum bilið

stýrihópsins sem leggur eftirfarandi til.

1. Komið verði fyrir nýjum leikskólahúsum úr einingum á þremur stöðum í Reykjavík þar sem þörfin er mest, sem verði tilbúin til notkunar haustið 2021.
2. Svokallaðar leikskólarútur er vel heppnuð aðferð í nágrannalöndunum okkar. Lagt er til að koma á fót tveimur rútum sem ganga þar sem elstu börnin myndu fara á græn svæði borgarinnar þar sem inniaðstaða eða útikennsluaðstaða er fyrir hendi. Mönnunarþörf vegna þessa hluta verkefnisins er um 100 stöðugildi.

Þessar tillögur eru hluti af vinnu við endurskoðun Brúum bilið áætlunarinnar sem stýrihópurinn hefur unnið að undanfarna mánuði og verður kynnt í næsta mánuði í heild sinni.

Dagur B. Eggertsson